



Sóknaráætlun Vestfjarða 2024

Árleg greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu
um framkvæmd samnings um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Mat á árangri sóknaráætlunar.....	4
2. Fjárframlög til samningsins.....	5
Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2024	5
Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2024.....	5
3. Samráðsvettvangur	6
Tafla 3: Skipan Fulltrúa í samráðsvettvang.....	6
4. Áhersluverkefni	7
Áhersluverkefni 2024	7
Tafla 4: Áhersluverkefni 2024	7
Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum	8
Markaðssetning ferðaþjónustu.....	8
Ungmennalýðræði á Vestfjörðum	8
Svæðisskipulag Vestfjarða	9
Púkinn Barnamenningarhátíð	9
Blámi	10
Kolefnishlutlausir Vestfirðir – Vegvísir.....	10
5. Uppbyggingarsjóður.....	11
Áherslur ársins 2024	11
Fagráð og úthlutunarnefnd.....	11
Úthlutun og styrkir árið 2024	12
6. Lokaorð	15
7. Undirritun og staðfesting.....	16
8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum	17

Inngangur

Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2020-2024 var samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 21. október 2019. Áætlunin var síðan kynnt á 4.Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 25. og 26. október sama ár. Vinnan við gerð Sóknaráætlunar stóð yfir frá vordögum 2019 og var mikil áhersla lögð á víðtækt samráð við íbúa og aðra hagaðila. Ætla má að vel á þriðja hundrað manns hafið komið að gerð áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í Sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, er unnið út frá fjórum lykilmálaflokkum og eru sett fram markmið og áhersluatriði í hverjum málaflokki.

Flokkarnir eru:

- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Samfélagi
- Umhverfi
- Menningu

Sóknaráætlun Vestfjarða er áætlað að stuða að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfi landshlutans og er það gert með því að setja fjármagn í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða og fjármagn í áhersluverkefni ár hvert. Er þau valin út frá þeim forsendum sem sett eru fram í þeirri framtíðarsýn sem kemur fram í áætluninni.

Á árinu 2022 var tímabil sóknaráætlunar hálfnað og var þá unnin endurskoðuð áætlun sem hafði gildistíma árin 2023-2024. Áherslur voru endurskoðaðar, nýjar settar inn og aðrar teknar út og unnið samkvæmt endurskoðaðri áætlun frá árinu 2023.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Árið 2024 var lokaár sóknaráætlunar 2020-2024 og því unnið að nýrri áætlun samhliða vinnu úrvinnslu áhersluverkefna og frágangi úthlutunar Uppbyggingarsjóðs.

Heildarframlög til Sóknaráætlunar Vestfjarða á árinu 2024 námu tæpum 118 mkr, þar af 9,9 mkr til áherslu í menningarmál, sem að frádregnum rekstrakostnaði var skipt á milli áhersluverkefna og framlaga Uppbyggingarsjóðs. Endurúthlutað var um 2,4 mkr af niðurfelldum styrkjum Uppbyggingarsjóðs. Í áhersluverkefnum var unnið með áframhald verkefna frá fyrra ári, stuðningur við markaðssetningu ferðapjónustu, verkefni um ímynd samfélaga og atvinnulífs m.t.t. að laða að fjárfestingar, Blámi orkuverkefni, Ungmennalýðræði og Svæðisskipulag Vestfjarða.

Styrkir Uppbyggingarsjóðs gengu til fjölbreyttra verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar. Fyrirkomulag með starfi tveggja fagraða í menningu og nýsköpun/atvinnuþróun sem meta gæði umsókna fyrir úthlutunarnefnd gekk áfram vel, en með þessum hætti eru umsóknir metnar bæði af fagfólki og aðilum utan svæðis. Niðurstöður fagraða fara síðan til úthlutunarnefndar þar sem nefndin fer yfir umsóknir með umsögnum fagraða til hliðsjónar.

Nýir samningar um sóknaráætlun fyrir 2025-2029 hafa verið staðfestir og horft fram til áframhalds góðs samstarfs við ráðuneyti sem að þeim standa. Vinna þarf áfram að auka við fjármagn til verkefnisins en fjárhagsrammi er óbreyttur frá fyrri áætlun.

2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2024 var kr.107.286.266,- Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 9.900.000,- til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningarmálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa. Framlagið er því utan skiptingar grunnframlags sem kemur frá ráðuneytum.

Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2024

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	107,286,266
Viðaukasamninga	
Framlög sveitarfélaga (staðbundið áhersluverkefni v/ menningar)	9,900,000
Niðurfelldir styrkir UV (2018- 2021)	2,400,000
Flutt frá fyrra ári	
Vaxtatekjur	150,000
Samtals	119,736,266

Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2024

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	42,136,266
Uppbyggingarsjóður	44,850,000
Stofn- og rekstrarstyrkir	11,850,000
Viðaukasamningar	
Umsýsla	11,000,000
Menningarfulltrúi	9,900,000
Samtals	119,736,266

3. Samráðsvettvangur

Í upphafi lögðu sveitafélögin til aðila til að sitja í samráðsvettvanginum. Sveitarfélögin tilgreindu einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi en sum minni sveitarfélögunna náðu þó ekki því viðmiði. Ýmsar mannabreytingar voru frá upphaflegri skipan eins og eðlilegt hlýtur að teljast í svo stórum hópi en hópurinn samanstóð af 31 einstaklingum úr þeim 9 sveitarfélögum sem eru á Vestfjörðum.

Tafla 3: Skipan Fulltrúa í samráðsvettvang

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	7	Strandabyggð		< 25 ára	0	Karlar	10
Menningarlífið	5	Vesturb/Tálkn/Ísafj/Bol/Súðavík		25-39 ára	10	Konur	21
Fræðasamfélag	5	Vesturb/Bolungarv/Súðavík		40-60 ára	20	Annað	
Kjörnir fulltrúar	13	Strandab/Tálknafj		> 60 ára	1		
Félagasamtök	1	Tálknafjörður					
		Strandab/Vesturb/Ísafj/Tálkn					
		Súðavíkurreppur					
		Bol.vík/Reykhólar/Kaldrananes					
		Bolungarvík					
		Ísafjörður					
		Árneshreppur					
Samtals	31	Samtals	0	Samtals	31	Samtals	31

Breytingar urðu á samráðsvettvangi á árinu 2022 en það ár var tímabil sóknaráætlunar hálfnað og var miðað við í upphafi að þá færi fram endurskoðun áætlunarinnar. Ný endurskoðuð áætlun var birt í byrjun árs 2023 og vísast til fyrri ársskýrsla um aðdraganda þeirrar áætlunar og breytingar á aðkomu fulltrúa s.s. með stofnun Ungmennaráðs.

4. Áhersluverkefni

Áhersluverkefni 2024

Áhersluverkefni eru þróunarverkefni, sem unnin eru af starfsmönnum Vestfjarðastofu eða öðrum einstaklingum eða stofnunum á svæðinu sem hafa gert samning við Vestfjarðastofu um verkefni. Verkefni eru fjármögnuð sem hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og skulu áhersluverkefni taka tillit til áherslna og markmiða hennar.

Tafla 4: Áhersluverkefni 2024

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)			Framkvæmdaraðili	Markmið	Tímabil
	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals			
Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum	10,000,000	30,000,000	40,000,000	Vestfjarðastofa	*Að kynna fjárfestingarmöguleika á Vestfjörðum ásamt því að laða að nýja fjárfesta. *Að tengja kynningar við aðgerðir tengdar ímynd samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki *Ýta undir aukna uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, gististaða og afþreyingar í ferðapjónustu.	mars 2023- desember 2024
Markaðssetning ferðapjónustu	10,000,000	10,000,000	20,000,000	Vestfjarðastofa	*Lenging ferðamannatímabilsins á Vestfjörðum *Þróun ferðaleiðar – Vestfjarðaleiðin *Auknar fjárfestingar í ferðapjónustu á Vestfjörðum	2023 og 2024
Ungmennalýðræði á Vestfjörðum	2,000,000		2,000,000	Vestfjarðastofa	Að skapa vettvang til að stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku og þekkingu ungmenna á Vestfjörðum. Í því felst að styðja við ungmennaráð sveitarfélaganna, stuðla að auknu samstarfi ungmenna innan fjórðungsins og að stofnað verði ungmennaráð Vestfjarða sem haldi árlega ungmennanæping Vestfjarða.	2023 og 2024
Svæðisskipulag Vestfjarða	10,400,000	27,860,703	38,260,703	Fjórðungssamband Vestfirðinga fyrir hönd Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða	Hefja vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða en miða við verklok í apríl 2026. Áfangar á árinu 2024, vinna hófst í febrúar 2024 í kjölfar útboðs, lýsing svæðisskipulags kynnt maí og frumdrög svæðisskipulags í desember 2024, https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/fv/svaedisskipulag	2023-2026
Púkinn - barnameningarhátíð	2,236,266	6,763,734	9,000,000	Vestfjarðastofa	Að haldin verði barnameningarhátíð á Vestfjörðum vorið 2024.	2024
Blámi	7,500,000	60,500,000	68,000,000	Blámi	Að styðja við og efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna með því að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði.	2021-2024
	42,136,266		177,260,703			

Ímynd, uppbygging og fjárfestingar á Vestfjörðum

Settur var upp og opnaður nýr vefhluti InWest á vef Vestfjarðastofu þar sem áhersla er lögð á tækifæri til fjárfestinga á Vestfjörðum. Ítarefni er unnið til að fylgja eftir verkefnum. Farið var með Íslandsstofu og öðrum landshlutasamtökum til Cannes á stóra fjárfestakynningu. Markvisst var unnið að því að auka vitund fjárfesta um möguleika á Vestfjörðum og unnið með Íslandsstofu að því að kynna tækifæri á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum í samstarfi við Bláma. Unnið var með sóknarhóp Vestfjarðastofu að ýmsum verkefnum tengdum ímynd Vestfjarða sem svæðis til fjárfestinga og atvinnustarfsemi. Verkefnið er til tveggja ára og þetta var seinna ár verkefnisins.

Markaðssetning ferðaþjónustu

Samfélagsmiðlum Visit Westfjords & Vestfjarðaleiðar er viðhaldið og þeim sinnt

Samfélagsmiðlum Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðarinnar var viðhaldið og fylgst með umferð og farið í auglýsingaherferðir til að ýta undir markmið um heilsársferðaþjónustu á Vestfjörðum og til að kynna sérstaklega Vestfjarðaleiðina innanlands. Unnið var að uppfærslu efnis, bætt blogg, myndum bætt við myndasafn, undirsíður, Travel Trade, gönguleiðir

Tekið á móti 4-6 blaðamönnum / áhrifavöldum og ferðir þeirra skipulagðar

Tekið var á móti nokkrum hópum af blaðamönnum og einstökum blaðamönnum og áhrifavöldum. Áhersla er lögð á að velja slíka fulltrúa vel í samstarfi við Íslandsstofu til að umfjöllun sé í samræmi við markaðsáherslur.

Farið með hóp ferðaþjóna á Vestnorden, Mannamót og MidAtlantik ferðasýningar árlega og þátttaka í ferðasýningum undirbúin og skipulögð.

Allar ferðasýningar á kaupstefnur tókust vel þetta árið og í öllum tilfellum var ágæt þátttaka ferðaþjóna frá svæðinu.

Haldinn verður árlegur ferðaþjónustudagur fyrir ferðaþjóna á Vestfjörðum

Boðað var til ferðaþjónustudags og hann endaði með því að vera á netinu og fremur illa sóttur þrátt fyrir kynningu og ágæta dagskrá. Þarf að endurskoða í samstarfi við ferðaþjóna.

3-4 vinnustofur ferðaþjóna á Vestfjörðum árlega

Súpufundir voru haldnir á öllum svæðum og vinnustofur voru haldnar fyrir þátttakendur í Vestfjarðaleiðinni og haldin vinnustofa um vetrarferðaþjónustu vorið 2024.

Skipulagning faghópa ferðaþjóna á Vestfjörðum

Fagrað ferðaþjónustu er starfandi í tengslum við Sóknarhóp Vestfjarðastofu.

Ungmennalýðræði á Vestfjörðum

Ungmennaping var haldið vorið 2024 en þingið er vettvangur þar sem ungt fólk kemur saman og ræðir málefni sem brenna á þeim. Mikilvægt er að ungt fólk fái vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri um þau mál sem á þeim brenna enda hefur sýnt sig að það að fá að taka þátt í lýðræðislegum ferlum er besta leiðin til að auka þátttöku ungmenna.

Ungmennaráð Vestfjarða er kosið á ungmennapingi og er vettvangur þar sem fulltrúar frá öllum svæðum Vestfjarða koma saman og fylgja eftir málum sem ungmennaping ákveður. Jafnframt er ráðið vettvangur til að leita eftir sjónarmiðum ungmenna á svæðinu við hina ýmsu stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi sveitarfélaga og Vestfjarðastofu. Ungmennaráðið fundar 4 sinnum á ári meðal annars með stjórn Fjórðungssambandsins og sér um undirbúning ungmennapings.

Verkefnið var til tveggja ára.

Svæðisskipulag Vestfjarða

Gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði, byggir á ályktun 67. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti, í september 2022, en þar er beint tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta.

Verkefnið er unnið samkvæmt ramma Skipulagslaga 123/2010 og Skipulagsreglugerðar 90/2013. Það hófst 2023 með skipan svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaga sem standa skipulagsgerðinni (Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða) og útboði á vinnu skipulagsráðgjafa.

Með ráðningu skipulagsráðgafa í byrjun árs 2024 hófst vinna með gerð lýsingu svæðisskipulags í samstarfi við sveitarstjórnir og samtali við fókushópa og hagaðila. Tillaga að lýsingu var samþykkt í sveitarstjórnunum í maí og var síðan sett til umræðu með opnum fundum á Vestfirðum og leitað umsagnar lögbundinna aðila. Á sömu fundum var einnig unnið með stefnmörkun fyrir Sóknaráætlun 2025-2029. Í október voru lagðar fram tillögur um val á framtíðarmynd svæðisskipulagsins og kosið um þær á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga og kynnt sem [frumdrög svæðisskipulags](#).

Hafin var vinna á grundvelli frumdraga að gerð vinnslutillögu svæðisskipulagsins sem stefnt er á að verði birt um mitt ár 2025. Vinnslutillagan er undanfari auglýsingartillögu sem stefnt er að komi út haustið 2025 og er ætlað að verði afgreidd í apríl 2026, með staðfestingu Skipulagsstofnunar. Fjórðungssamband Vestfirðinga verkefnisstjóri og leggur til starfsmann svæðisskipulagsnefndar samkvæmt samningi við Vestfjarðastofu.

Verkefnið er til ársins 2026

Púkinn Barnameningarhátíð

Barnameningarhátíðin Púkinn var haldin í annað sinn dagana 15.-26. apríl 2024. Við endurmat hátíðarinnar haustið 2023 kom fram að betur færi á að halda hana að vori og því var tekin ákvörðun um að halda lítinn Púka 2024 þó hann félli í raun innan sama skólaárs og fyrsta hátíðin, því annars hefði of langur tími liðið á milli hátíða. Vestfirsk ungmenni völdu *Af hverju búum við hér?* sem þema Púkans 2024.

Úthlutað var 800.000 krónum úr verkefnasjóði Púkans til einstaklinga og stofnana á Vestfirðum til verkefna á hátíðinni. Einnig var tekið þátt í stóru samstarfsverkefni við Hrafseyri sem var *Heill heimur af börnum – börn setja mark sitt á Íslandskortið* og *Meningarmót* í Grunnskólanum á Ísafirði.

Barnameningarhátíðin Púkinn nær yfir alla Vestfirði og er ætluð börnum á grunnskólaaldri. Á hátíðinni er unnið að með menningu með börnum, menningu fyrir börn og menningu sem

börn skapa sjálf. Á hátíðinni 2024 var höfuðáhersla lögð á síðastnefnda liðinn og unnið að listsköpun barnanna með ráðum og dáð.

Vestfjarðastofa leiðir vinnuna við Púkann.

Blámi

Um er að ræða samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Orkubús Vestfjarða. Afurð er stofnun félagsins Bláma en skrifað var undir samstarfssamning þann 15. desember 2020.

Áframhald var á verkefnum Bláma og gott samstarf um ýmis orku- og fjárfestingaverkefni. Meðal samstarfsverkefna á árinu 2024 voru úttektir á fjárfestingakostum vegna mögulegs jarðhita á Gálmaströnd og á Reykhólum.

Undirritaður var samningur milli aðila um þriggja ára framhald á Bláma á árinu 2024.

Kolefnishlutlausir Vestfirðir – Vegvísir

Umhverfisráðuneytið veitti á árinu 2024 sérstakt framlag vegna verkefna á sviði umhverfismála og var þeim fjármunum varið til verkefna sem styðja eiga við markmið um kolefnishlutlausa Vestfirði. Unnið var að þessum verkefnum á árinu og gefin út skýrsla um [kolefnisjöfnun á Vestfjörðum](#) og [bæklingur](#) þar sem meginniðurstöður voru dregnar saman. Jafnframt var gefinn út bæklingur um [þjóðgarða á Vestfjörðum](#) sem verkfæri í byggðapróun. Auk þessara verkefna sinni verkefnisstjóri gerð loftslags- og orkuskiptaáætlana sveitarfélaga á Vestfjörðum.

5. Uppbyggingarsjóður

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti á fundi þann 28. september 2023 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2024. Sú úthlutun var með umsóknarfresti til 2. nóvember 2023, en alls bárust sjóðnum 78 umsóknir upp á 117,8 milljónir kr.

Árið 2023 voru þær breytingar gerðar að í stað þriggja flokka þar sem skipt er upp er á milli menningar, atvinnu og nýsköpunar og stofn- og rekstrarstyrki, voru sameinaðir flokkar menningar og atvinnu/ nýsköpun.

Með þessu var fjármagn skipt upp í verkefnastyrkir og stofn- og rekstrarstyrkir. Kom það því í hlut úthlutunarnefndar aukið hlutverk að gæta upp á jafnvægi milli atvinnu og nýsköpun og menningar, í stað þess að ramma það inn í upphæðir fyrirfram sem þótti ekki gefa góða raun. Tókst þessi breyting vel.

Á árinu 2024 voru engir fjölárastyrkir þar sem 2024 var lokaár gildistíma Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Áherslur ársins 2024

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, stuðla að vöruþróun og hönnun, verkefni sem mynda atvinnutækifæri og auka fagmennsku á sviði lista og menningar, verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og síðast en ekki síst verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi.

Með nýrri aðferð til úthlutunar voru áherslur ekki flokkaðar eftir atvinnu- og nýsköpunarverkefni og menningarverkefni heldur aðaláherslur fyrir alla.

Ákveðið var að allar áherslur sóknaráætlunar væru undir árið 2024 og ekki litið sérstaklega til einnar umfram aðra.

Fagráð og úthlutunarnefnd

Á 67. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var tillaga varðandi fagráð og úthlutunar lagt fram og eftirfarandi samþykkt. Fagráð meta gæði umsókna og leggja tillögu fyrir úthlutunarnefnd um styrkhæf verkefni, úthlutunarnefnd tekur tillögur fagráða og ákveður styrkfjárhæð.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2024 voru:

Fagráð menningar

Aðalmenn

Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ
Friðbjörn Steinar Ottósson, Vesturbyggð
Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir, Reykhólum
Elsa Arnardóttir, utan svæðis, formaður

Varamenn

Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvík
Davíð Rúnar Gunnarsson, Vesturbyggð
Marta Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppur
Greipur Gíslason, utan svæðis

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Aðalmenn

Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ
Guðlaugur Jónsson, Tálknafjarðarhreppi
Þorgeir Jónsson, Strandabyggð
Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður

Varamenn

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð
Viktória Rán Ólafsdóttir, Kaldrananeshreppi
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

Úthlutunarnefnd

Aðalmenn

Kristján Þór Kristjánsson Ísafjarðarbæ, formaður
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð
Arnín Óladóttir, Árneshreppi
Elsa Arnadóttir formaður fagráðs menningar
Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagráðs nýsköpunar

Varamenn

Olga Agata Tabaka, Bolungarvíkurkaupstað
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólum
Greipur Gíslason, utan svæðis
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

Úthlutun og styrkir árið 2024

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum á samfélagsmiðlun bæði með fréttum og kostuðum auglýsingum. Einnig var auglýst á vef Vestfjarðastofu og með vefborðum á BB.is.

Heildarupphæð til úthlutunar fyrir árið 2024 voru 56.700.000.- kr. Þar af voru búið að ráðstaða til langtímaverkefna, 11.850.000.- kr. Til úthlutunar til nýrra verkefna fyrir árið 2024 var því 44.850.000.- kr. Alls bárust 78 umsóknir og hlutu 57 ný verkefni brautargengi. Auk þeirra voru 6 verkefni sem þegar höfðu hlotið styrkvilyrði í langtímaverkefnum. Samtals voru því 63 verkefni fyrir árið 2024. Allir sem sóttu um í sjóðinn fengu senda niðurstöðu í tölvupósti þann 1. desember 2023 en fundir úthlutunarnefndar fór fram 20, 27 og 28. nóvember 2023.

Stofn- og rekstrarstyrkir:

Umsækandi	Styrkupp hæð
Kómedíuleikhúsið, áhugamannafélag	1.800.000
Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.	1.500.000
Skóbúðin Hversdagssafn	1.200.000
Kol og salt ehf / Artsiceland og Úthverfa	1.000.000
Alls:	5.500.000

Verkefnisstyrkir til menningarmála:

Umsækjandi og heiti verkefnis	Styrkupp hæð
Edinborgarhúsið ehf - Menningarviðburðir	1.800.000
Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildarmynda - Skjaldborg	1.600.000
Act alone, félagasamtök – Act Alone 2024 afmælishátíð	1.500.000
Við Djúpið, félag – Tónlistarhátíðin Við Djúpið 2024	1.200.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses – Fjarréttir fyrr og nú: sýning og miðlun	1.100.000
The Pigeon International Film Festival	1.000.000
Vignir Arnarson – Áttir	1.000.000
Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildarmynda - Skjaldbakan	900.000
Blús milli fjalls og fjöru	900.000
Háskóli Íslands -Ráðstefnustaðurinn Strandir	850.000
Hótel Djúpvavík ehf. – The Factory Art Exhibition	850.000
Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag - Ariasman	850.000
Andrew Junglin Yang – International Westfjords Piano Festival	800.000
Hringleikur, sirkuslistafélag - Sæskrímslin	750.000
Baskavinafélagið á Íslandi – Málþing um Baska og vinnustofa í gerð hljóðfæra úr rusli	750.000
Halldór Smáráson – Cauda og Errata	700.000
Félag um listasafn Samúels – Listahátíð Samúels	650.000
Heiðrún Björk Jóhannsdóttir – Netagerðin, skapandi vinnustofur*	600.000
Leiklistarhópur Halldóru ehf. – Leiklistanámskeið fyrir björn	500.000
Listakisi, félagasamtök – List í Alviðru 2024	500.000
Sögumiðlun ehf – Viðburðir norðan Djúps	500.000
Leikfélag Hólmavíkur – Leikrit í fullri lengd	500.000
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir – Skapandi skráfur, myndlist fyrir börn	500.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses – Sögutorg: Minning um Ragnheiði og Benedikt á Kirkjubóli	450.000
Kol og salt ehf – Úthverfa Sýning 2024	400.000
Fryderic Chopin Tónlistarfélagið á Íslandi - 4. F. Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði	400.000
Lýðskólinn á Flateyri - Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri	400.000
Marsibil G Kristjánsdóttir - Skeljalistsýning í Listasafni Samúels Selárdal	350.000
Ólafur Guðsteinn Kristjánsson - Gefum íslensku séns	300.000
Kol og salt ehf - Artsiceland viðburðir	250.000
Elfar Logi Hannesson - Leiklist á Ísafirði	200.000

Halla Ólafsdóttir - Útsýnisveggur á Bökkunum	200.000
Jelena Micic - Arnór Heimskautarefur	200.000
Andrea Valgerður Jónsdóttir - Vegglistaverk í miðbæ Ísafjarðar	200.000
Greta Lietuvninkaité-Suscické - Marketing of the creative writing studio „Write It Out“	150.000
Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir fyrir hönd Bryggjuháttíðar á Drangsnesi - Sjávarréttarsmakk á Bryggjuháttíð	150.000
	23.950.000

Verkefnisstyrkir til atvinnubrúunar- og nýsköpunarmála

Umsækjandi og heiti verkefnis	Styrkupp hæð
425 ehf. - Villt að vestan, vestfirskar villisveppasósar	2.000.000
Eyrarkláfur ehf. – Kláfur	2.000.000
Úr sveitinni ehf. – Strandfóður	1.800.000
Skútusiglingar ehf. - Ísafjarðardjúp í nútíð og þátíð	1.200.000
Gylfi Ólafsson - Upplifunarsýning á Ísafirði	1.100.000
Cristina Isabelle Cotofana - Incubation and fruiting room for mushrooms and research	1.000.000
Skíðafélag Strandamanna - Vetrarviðburðaparadís á Ströndum undir forystu SFS	900.000
Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses. - Startup Westfjords 24	800.000
Travel West ehf. - Rafmagnshjólaferðir um Vestfirði	700.000
Galdur Brugghús ehf. - Markaðssókn Galdur Brugghús	700.000
Cristina Isabelle Cotofana - Sjálfbært Hólmavík	500.000
Guðfinna Lára Hávarðardóttir - Færum sauðfjárrækt til framtíðar	500.000
Fjólubláa húfan ehf. – Vestfjarðabók	500.000
Leiry Yaritza Seron Hernandez - Goða Ferð: Ridesharing App	500.000
Harpa Lind Kristjánsdóttir - Ræktun burnirótar	500.000
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - *Nordic Nomad Souvenirs*	500.000
Menntaskólinn á Ísafirði - Vörumessa MÍ*	200.000
	15.400.000

6. Lokaorð

Með þessari greinagerð líkur formlega vinnu við Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa þakka öllum sem komið hafa að fjármögnun, framvindu og verkefnum þessa mikilvæga byggðapróunaverkefnis.

Sóknaráætlanir hafa fært landshlutunum mikilvægt verkfæri til að efla bæði stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum og þannig gert samfélög og atvinnulíf sterkara.

Það er enn brýnt að kynna það öfluga verkfæri sem sóknaráætlanir landshlutanna eru fyrir ráðuneytum og Alþingi. Mikilvægt er að auka þekkingu ráðherra, sérfræðinga ráðuneyta og þingmanna á hugmyndafræði á bak við sóknaráætlanir og gera þeim grein fyrir því að þarna er til þróaður farvegur til að koma fjármagni í vinnu í þágu landshlutanna.

Æskilegt væri að fleiri ráðuneyti myndu nýta þann farveg sem Sóknaráætlun landsvæða hefur náð að móta og þannig ná sameiginlegum markmiðum ríkis og sveitarfélaga með öflugum hætti.

7. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Vestfjörðum 6. júní 2025

Sigríður Ó Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri

Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri

8. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarfjárhæð samnings 2024

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2023 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2024, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2024 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2024

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Óráðstafað 2023: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2024, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

Markmið: Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

Tímabil: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.